

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skaftárhreppur urðun Stjórnarsandur



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	15.8.2012	Fulltrúi UST	Sigrún Guðmundsdóttir
Fyrirtæki	Skaftárhreppur urðun	Fulltrúi UST	
Heimili	Klausturvegur 15	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	480690-2069	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Anton Kári Halldórsson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Eygló Kristjánsdóttir	Staðsetning	475089,819 332611,967

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Framkvæmd urðunar er ekki nægilega góð á urðunarstaðnum. Gerð er ein athugasemd og fjögur frávik staðfest. Athugasemdin varðar grunnvatnsmælingar sem og eitt frávikanna. Hin frávikin snúa að slæmri umgengni, geymslu- og urðunaframkvæmdum á urðunarstað og því að áhættumat og viðbragðsáætlun vegna mögulegrar bráðamengunar vantar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir síðustu eftirlitsskýrslu og starfsleyfismál, þ.a.m. mælingar á grunnvatni frá urðunarstaðnum. Starfsleyfistillaga liggur fyrir, en urðunarstaðurinn er með undanþágu frá gildu starfsleyfi til 15.11.nk. Auk byggingarfulltrúa var sveitarstjóri, Eygló Kristjánsdóttir og Birgir Þórðarson frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands á fundinum. Að fundi loknum var farið í eftirlit á urðunarstaðinn á Stjórnarsandi.

Frávik frá

Ákvæði 2.1 í starfsleyfistillögu. Rekstraraðili skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu, og komið skal í veg fyrir óþrifnað vegna meðhöndlunar úrgangs. Þá skal skv. ákv. 2.8 halda úrgangstegundum aðskildum.

Lýsing á frávikum

Talsverð óreiða og nokkrir haugar af óflokkuðum úrgangi voru á urðunarsvæðinu, en sama var upp á teningnum við reglubundið eftirlit fyrir ári síðan.

Ákvæði 3.5 í eldra starfsleyfi en samkvæmt því skal mæla árlega pH, leiðni, NH3+ og COD.

Í tillögu að starfsleyfi, ákvæði 5.2 er rekstraraðila gert að mæla enn fleiri efnispætti í grunnvatni sem og ösku árlega, fyrir 1. okt.

Niðurstöður mælinga á grunnvatni hafa ekki borist Umhverfisstofnun. Á þetta var bent í reglubundnu eftirliti síðustu tvö ár.

Ákvæði 1.2 í starfsleyfistillögu, skv. því má aðeins geyma timbur og brotajárn á staðnum. Jafnframt er ekki gert ráð fyrir geymslu spilliefna, sjá ákv. 1.2 og 4.2.

Nokkuð var af úrgangstegundum sem ekki er gert ráð fyrir að séu geymd á staðnum t.d. bretti af rafgeymum, húsgögn og ýmis plastúrgangur.

Ákvæði 2.4 í starfsleyfistillögu. Skv. því skal rekstraraðili gera áhættumat og vinna viðbragðsáætlun á grundvelli þess, sbr. 18. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna mögulegrar bráðamengunar frá starfseminni vantar.

ATHUGASEMDIR

Gert er ráð fyrir þremur mælingarholum í starfsleyfi, einni ofan urðunarstaðar og tveimur fyrir neðan hann. Á urðunarstaðnum kom í ljós að aðeins ein hola er fyrir neðan staðinn. Þá er vinsamlega minnt á að grunnvatnsmælingar eiga að fara fram árlega, fyrir 1. okt. samkvæmt nýrri starfsleyfistillögu.

ANNAD

Eldra starfsleyfi rann út 30.6.2009 og hefur urðunarstaðurinn verið á undanþágum frá gildu starfsleyfi síðan. Tillaga að nýju starfsleyfi liggur fyrir, og skal rekstraraðili hlíta þeim kröfum sem settar eru í tillögunni (skilyrði fyrir undanþágu frá gildu starfsleyfi). Eins og greint var frá hér að ofan hafa frávik verið endurtekin frá síðasta ári. Í áminningu Umhverfisstofnunar dags. 16.7 sl. var þess krafist að niðurstöður grunnvatnsmælinga bærust Umhverfisstofnun fyrir 1.9.2012. Jafnframt bar rekstraraðila að skila inn greinargerð um úrbætur á urðunarstað og áhættumati og viðbragðsáætlun fyrir 17.8.sl. Vinsamlega er minnt á að það síðastnefnda er eitt af skilyrðunum fyrir því að hægt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.

Reykjavík,



Sigrún Guðmundsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.